

# STARFSLEYFI

## Eden Mining ehf. v/efnistöku

Malar og sandnám, steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum

**Lambafelli**

**816 Ölfus**

Nafn og kt. rekstraraðila: **Eden Mining ehf., kt. 541008 1600**

Heimilisfang: **Ármúla 18, 108 Reykjavík**

**Útgáfudagur: 17. nóvember 2014      Gildir til: 17. nóvember 2026**

*Endurútgefið með sama gildistíma og starfsleyfisskilyrðum 7. desember 2021*

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunar-varnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:**

**Fyrir Eden ehf. v/efnistöku í Lambafelli  
dags. 17. nóvember 2014**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnaði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

## Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65a, 800 Selfoss      kt. 480284 0549      Sími 480 8250

**Selfossi, 7. desember 2021**

*Stella Hrönn*

**Stella Hrönn Jóhannsdóttir**  
heilbrigðisfulltrúi

# STARFSLEYFI

## Eden ehf. v/efnistöku í Lambafelli

ÍSAT nr. 14.21.0.0 - Malar- og sandnám

ÍSAT nr. 14.21.0.1 - Steinmölun og framleiðsla á ofansburði og fyllingarefnum

Lambafelli

816 Ölfus

kt. 670308-1970

Nafn og kt. rekstraraðila: **Eden ehf., kt. 670308-1970**

Heimilisfang: **Skipholti 50 d, 105 Reykjavík**

**Útgáfudagur: 17. nóvember 2014      Gildir til: 17. nóvember 2026**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, laga nr. 93/1995 um matvæli msbr., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlita ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:**

**Fyrir Eden ehf. v/efnistöku í Lambafelli,  
dags. 17. nóvember 2014**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færst yfir á hans nafn. Ef fyrtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

**Heilbrigðiseftirlit Suðurlands**

Austurvegi 65, 800 Selfossi    kt. 480284 0549    Sími 480 8250

Selfossi, 17. nóvember 2014

*Elsa Í.*

**Elsa Ingaldardóttir  
framkvæmdastjóri**



Austurvegur 65 - 800 Selfoss

Sími 480 8250 – Myndsendir 480 8201 – Netfang hs@sudurland.is – Kennitala 480284-0549

**Eden ehf v/námu Lambafelli  
Eiríkur Ingvarsson  
Skipholti 50 d  
105 REYKJAVÍK**

Selfossi, 17. nóvember 2014

*1407030HS EI*

**Efni: útgefið starfsleyfi eftir lögbundin auglýsingatíma**

Á fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 14. nóvember sl. var samþykkt að gefa út starfsleyfi fyrir efnistöku í Lambafelli- Eden ehf.

Höfðu starfsleyfisskilyrðin verið auglýst og var hægt að skila inn athugasemdum við þau til 9. október sl. Engar athugasemdir bárust.

Meðfylgjandi er því starfsleyfið ásamt óbreyttum auglýstum starfsleyfisskilyrðum, gefið út til 12 ára.

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

Elsa Ingjaldardóttir  
Elsa Ingjaldardóttir  
frankvæmdastjóri



# STARFSLEYFISSKILYRÐI

## Eden ehf.v/efnistöku í Lambafelli, Ölfusi

kt. 670308-1970

ÍSAT nr. 14.21.0.0 – Malar- og sandnám, vikurnám

ÍSAT nr. 14.21.0.1 – Steinmölun og framleiðsla á ofaníburði og fyllingarefnum

Starfsleyfi, ásamt þessum starfsleyfisskilyrðum, er gefið út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um atvinnustarfsemi sem getur haft í för með sér mengun.

Fyrir liggur álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 22. júní 2009, matsskýrla frá maí 2009 og framkvæmdaleyfi frá sveitarfélagini Ölfusi dags. 1. apríl 2014. Jafnframt liggur fyrir staðfest deilskipulag sem unnið er í samræmi við staðfest aðalskipulag Ölfus samþykkt 21. desember 2012. Starfsleyfishafi, Eden ehf., er með skráð aðsetur að Skipholti 50d, 105 Reykjavík. Forráðamaður er Eiríkur Ingvarsson, kt. 270268-5879. Framsal starfsleyfis til annarra en starfsleyfishafa er óheimil.

### 1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrðin gilda fyrir efnistöku á 29 ha. svæði úr námu í landi Breiðabólsstaðar í Lambafelli og er áætluð efnistaka næstu 30 árin á bilinu 12-15.000 m<sup>3</sup>. Náman tilheyrir sveitarfélagini Ölfusi og er í eigu Kirkju sjöunda dags aðventista. Nánara umfang og skilgreining efnistökusvæðis hefur verið skilgreint í matsskýrslu dags. 6. janúar 2011.
- 1.2 Starfsemin skal vera í samræmi við gildandi aðal- og deilskipulag svæðisins.
- 1.3 Auk laga og reglna sem um starfsemina gilda skal fyrirtækið fara eftir starfsleyfisskilyrðum þessum ásamt skilmálum er fram koma í framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins, álíti Skipulagsstofnunar og eigin vinnslutilhögum sem tilgreind er í matskýrslu.
- 1.4 Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.5 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila, samkvæmt ákvæði laga nr. 7/1998, reglugerðar nr. 785/1999 og ákvæði reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999 og aðrar reglugerðir, sem gilda um starfsemi fyrirtækisins og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfinu.
- 1.6 Verði meiriháttar breyting á rekstrinum eða breyting, sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, skal unnið að breytingum í samráði við heilbrigðiseftirlitið. Heimilt er að endurskoða starfsleyfisskilyrðin við slikein breytingar og ef í ljós koma anmámarkar á framkvæmd þeirra eða í ljós koma skaðleg áhrif á almenning, eða vegna röskunar á lífriki eða umhverfi, sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef fram koma almennar kröfur eða ný tækni er leiða til bættra mengunavarna. Vinna skal að bættri framleiðslutækni og betri umhverfisáhrifum á hverjum tíma eftir því sem kostur er.

- 1.7 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður eða ef eigendaskipti verða.

## 2. Mengunarvarnir

- 2.1 Þar sem svæðið liggur að mörkum fjarsvæðis vatnsverndar og Selvogsstraumurinn liggur undir efnistökusvæðinu, skal ekki geyma neina olíu eða olíuvörur á svæðinu umfram lágmarksbirgðir til skammtímanotkunar. Ekki skal geyma meira en 10.000 lítra af olíu á birgðasvæði nánumnar.
- 2.2 Olíutankur á svæðinu skal geymdur á olíuheldu áfyllingsplani með frárennsli sem leitt er í olíuskilju. Olíutankurinn skal búinn yfirfyllingarviðvörur eða yfirfyllingarvörn og skal uppfylla að öllu leyti kröfur í reglugerð nr. 35/1994. Tryggt skal að olia renni ekki út í umhverfið þó lagnir bresti.
- 2.3 Olíuáfyllingar og olíuskipti á þungavinnuvélum skulu eingöngu fara fram á olíuheldu áfyllingsplani með frárennsli sem leitt er í olíuskilju. Heilbrigðiseftirlit getur ef aðstæður leyfa samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.
- 2.4 Þungavinnutæki skulu ávallt hafa gild skoðunarskíteini. Eingöngu brýnustu viðgerðir til að forða tjóni eða umhverfismengun mega fara fram á svæðinu. Tæki skulu að jafnaði flutt af svæðinu til viðgerða.
- 2.5 Gæta skal itrustu varúðar við meðferð olíu og við olíuáfyllingar og verði vart olíuleka skal strax brugðist við, mengaður jarðvegur fjarlægður og heilbrigðiseftirliti tilkynnt um atburðinn. Fara skal jafnframt eftir verklagi í matsáætlun og tilkynna viðkomandi aðilum.
- 2.6 Allt frárennsli sem getur verið mengað af olíuefnum skal leitt í olíuskilju. Oliuskilja skal tæmd eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og olíusora skilað til móttökustöðvar fyrir slíkan úrgang.
- 2.7 Afla þarf leyfis byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlits fyrir frágang og staðsetningu á áfyllingsplani og olíuskilju. Ef díselrafstöð er notuð við starfsmannahús skal hún staðsett innandyra og með öruggri lekavörn.
- 2.8 Úrgangsolía, notaðar olíusur og rafgeymar eru spilliefni og skulu fara í viðurkennda förgun jafnóðum. Geymsla á þessum efnum á svæðinu er óheimil.

## 3. Aðkoma og frágangur

- 3.1 Yfirbragð efnistökusvæðis skal vera snyrtilegt og uppfylla almenn öryggissjónarmið. Fjarlægja skal allt sorp og úrgang frá námusvæðum og koma í viðurkennda förgun. Öll brennsla og urðun úrgangs er bönnuð.
- 3.2 Rekstraraðili sér til þess að fjarlægður sé jafnóðum allur búnaður og hlutir sem kunna að berast inn á svæðið og eru rekstrinum óviðkomandi.
- 3.3 Þess skal gætt að starfsemin valdi ekki öðrum óþarfa ónæði eða hávaða og að fokgjörn jarðefni valdi ekki skaða eða röskun á umhverfi utan vinnslusvæðis. Ef þörf er á skal skerma jarðefni af.
- 3.4 Ganga skal frá hverju svæði jafnóðum og efnistöku likur. Skal frágangur vera í samræmi við kafla 2.6 í matsskýrslunni og miða að því að draga úr sjónrænum áhrifum efnistökunar með því að líkja eftir efni og gróðri í óröskuðum hliðum fjallsins. Leggja skal áherslu á að gera námusár eins ósýnilegt frá Suðurlandsvegi og kostur er. Við efnistöku og frágang skal jafnframt fylgja leiðbeiningunum: *Námur – efnistaka og frágangur*, sem umhverfisráðuneyti o.fl. aðilar gáfu út árið 2002.

- 3.5 Hvergi skulu á efnistökusvæðinu myndast óþarfa tjarnir. Ef hætta er á að lækir og/eða grunnvatn mengist skal gipa til viðeigandi ráðstafana og alltaf tilkynna til heilbrigðiseftirlitsins leiki minnsti grunur um slika hættu. Bregðast skal við í samræmi við kröfur heilbrigðiseftirlitsins hverju sinni.
- 3.6 Fráveituvatn frá kaffi- og salernisaðstöðu skal leiða í safntank eða rotþró. Fráveita skal tæmd reglulega og úrgangur losaður á viðurkenndum móttökustað.
- 3.7 Ef notað þarf sprengiefni á svæðinu skal fylgja reglum Vinnueftirlits ríkisins varðandi meðferð og geymslu þess. Sprengiefni skal ekki geymt á svæðinu.
- 3.8 Leggist starfsemin niður skal tilkynna það til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og búnaður fjarlægður í samráði við það og úrgangi og spilliefnum komið í viðurkennda förgun.

#### **4. Eigið eftirlit, gjaldskylda og gildistaka**

- 4.1 Eintak af starfsleyfi skal ávallt tiltækt á vinnustað.
- 4.2 Forráðamaður fyrirtækisins ber ábyrgð á að það starfi í samræmi við skilyrði í starfsleyfi bessu. Forráðamenn fyrirtækisins skulu kynna sér þau lög og reglur, sem viðkoma starfsemi fyrirtækisins. Jafnframt ber starfsleyfishafi ábyrgð á að kynna skilyrðin og þær kröfur sem hér koma fram, öðrum sem koma að efnisvinnslu og flutningum á svæðinu með einhverjum hætti, og sjá til þess að reglur sem gilda ásvæðinu sé framfylgt.
- 4.3 Ef efnistöku verður ekki lokið við lok gildistíma starfsleyfis skal sækja um endurnýjun starfsleyfis. Frágangur efnistökusvæðis skal vera fullnægjandi að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.  
Rekstraraðili skal tilnefna sérstakan ábyrgðarmann fyrir umhverfismálum gagnvart heilbrigðiseftirliti.
- 4.4 Rekstraraðili hefur eigið eftirlit og skráningu þar sem kemur m.a.:
- Árleg staðfesting viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar um að frágangur efnistökusvæða sé í samræmi við kröfur.
  - Fjöldi efnistökustaða, hnituð staðsetning, efnistegund og vinnslumagn.
  - Upplýsingar um verktaka og/eða kaupendur sem sækja efni á námusvæðið.
  - Afylling á olitank, magn oliuefna og rýmun.
  - Atvik er varða mengunarvarnar fyrirtækisins s.s. rekstur og viðhald á mengunarvarnabúnaði, bilanir, mengunaróhöpp og kvartanir m.t.t. umhverfismála.
  - Notkun, flutning og förgun spilliefna, sbr. reglugerð um spilliefni nr. 806/1999.
  - Magn oliusora og sands í oliuskiljum, mælt við reglulegt eftirlit, dagsetningar tæminga, magn og nafn dæluaðila.
  - Rekstraraðili ber ábyrgð á að framkvæmdin stofni ekki öryggi vatnsverndar í hættu.
  - Viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa skal vera til staðar sbr. grein 4.5. Verði mengunaróhapp á svæðinu skal tafarlaust tilkynna um slysið til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins í síma 112 ásamt Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

**Upplýsingar þessar skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er. Tilkynna skal eftirlitsaðila um öll meiriháttar frávik varðandi framleiðsluna, kvartanir og aðra þætti er geta varðað almannaheill.**

- 4.5 Rekstraraðili skal hafa viðbragðsáætlun sem tekur á leka á bensíni, oliu og öðrum spilliefnum og hættulegum efnum. Skal starfsmönnum kynnt áætlunin og þeir

- 1.7 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður eða ef eigendaskipti verða.

## 2. Mengunarvarnir

- 2.1 Þar sem svæðið liggur að mörkum fjarsvæðis vatnsverndar og Selvogsstraumurinn liggur undir efnistökusvæðinu, skal ekki geyma neina olíu eða olíuvörur á svæðinu umfram lágmarksborgir til skammtímanotkunar. Ekki skal geyma meira en 10.000 lítra af olíu á birgðasvæði námunnar.
- 2.2 Olíutankur á svæðinu skal geymdur á olíuheldu áfyllingsplani með frárennslí sem leitt er í olíuskilju. Olíutankurinn skal búinn yfirfyllingarviðvörun eða yfirfyllingarvörn og skal uppfylla að öllu leyti kröfur í reglugerð nr. 35/1994. Tryggt skal að olía renni ekki út í umhverfið þó lagnir bresti.
- 2.3 Olíuáfyllingar og olíuskipti á þungavinnuvélum skulu eingöngu fara fram á olíuheldu áfyllingsplani með frárennslí sem leitt er í olíuskilju. Heilbrigðiseftirlit getur ef aðstæður leyfa samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir.
- 2.4 Þungavinnutæki skulu ávallt hafa gild skoðunarskíteini. Eingöngu brýnustu viðgerðir til að forða tjóni eða umhverfismengun mega fara fram á svæðinu. Tæki skulu að jafnaði flutt af svæðinu til viðgerða.
- 2.5 Gæta skal ítrустu varúðar við meðferð olíu og við olíuáfyllingar og verði vart olíuleka skal strax brugðist við, mengaður jarðvegur fjarlægður og heilbrigðiseftirliti tilkynnt um atburðinn. Fara skal jafnframt eftir verklagi í matsáetlun og tilkynna viðkomandi aðilum.
- 2.6 Allt frárennslí sem getur verið mengað af olíuefnum skal leitt í olíuskilju. Olíuskilja skal tæmd eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og olíusora skilað til mótiðkustöðvar fyrir slíkan úrgang.
- 2.7 Afla þarf leyfis byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlits fyrir frágang og staðsetningu á áfyllingsplani og olíuskilju. Ef díselrafstöð er notuð við starfsmannahús skal hún staðsett innandyra og með öruggri lekavörn.
- 2.8 Úrgangsolia, notaðar olíusíur og rafgeymar eru spilliefni og skulu fara í viðurkennda förgun jafnóðum. Geymsla á þessum efnum á svæðinu er óheimil.

## 3. Aðkoma og frágangur

- 3.1 Yfirbragð efnistökusvæðis skal vera snyrtilegt og uppfylla almenn öryggissjónarmið. Fjarlægja skal allt sorp og úrgang frá námusvæðum og koma í viðurkennda förgun. Öll brennsla og urðun úrgangs er bönnuð.
- 3.2 Rekstraraðili sé til þess að fjarlægður sé jafnóðum allur búnaður og hlutir sem kunna að berast inn á svæðið og eru rekstrinum óviðkomandi.
- 3.3 Þess skal gætt að starfsemin valdi ekki öðrum óþarfa ónæði eða hávaða og að fokgjörn jarðefni valdi ekki skaða eða röskun á umhverfi utan vinnslusvæðis. Ef þörf er á skal skerma jarðefni af.
- 3.4 Ganga skal frá hverju svæði jafnóðum og efnistöku líkur. Skal frágangur vera í samræmi við kafla 2.6 í matsskýrslunni og miða að því að draga úr sjónrænum áhrifum efnistökunar með því að líkja eftir efni og gróðri í óröskuðum hliðum fjallsins. Leggja skal áherslu á að gera námusár eins ósýnilegt frá Suðurlandsvegi og kostur er. Við efnistöku og frágang skal jafnframt fylgja leiðbeiningunum: *Námur – efnistaka og frágangur*, sem umhverfisráðuneyti o.fl. aðilar gáfu út árið 2002.

þjálfaðir í viðbrögðum samkvæmt henni. Áætlunin skal samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands.


Í viðbragðsáætlun skal koma fram:

- a) Tegund mengunar og mesta magn mengandi efna sem gætu borist út í umhverfið.
- b) Hvernig bregðast skuli við menguninni.
- c) Nöfn og símanúmer viðbragðsaðila sem tilkynna skal um mengunaróhappið.

- 4.6 Starfsemi þessi er í ISAT flokki 14.21.0.0- Malar- og sandnám og ISAT nr. 14.21.0.1 – Steinmölun og framleiðsla á ofaníburðiog fyllingarefnum, og greiðir rekstraraðili álegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, eins og hún er hverju sinni.
- 4.7 Starfsleyfi þetta er veitt til 12 ára í samræmi lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og öðlast gildi við útgáfu.

Selfossi 17. nóvember 2014,

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands,

  
Elsa Ingjaldsdóttir  
framkvæmdastjóri

## Starfsleyfisskilyrði fyrir stórar námur GREINARGERÐ

Allir verktakar og fyrirtæki sem vinna að efnistöku og námuvinnslu skulu hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Auk þess ber að fylgja leiðbeiningunum: *Námur – efnistaka og frágangur* frá árinu 2002, en þær leiðbeiningar eru hluti af starfsleyfi fyrir nýtingu námunnar.

### Greining álagsþáttu eða líklegrar mengunarhættu ásamt þörf viðbragða:

TAFLA 1		Afleiðing „óhapps”, ónæðis, þörf mótvægisáðgerða eða viðkvæmt svæði			
Líkur á „óhappi” eða „ónæði”		Hverfandi	Litlar	All nokkrar	Miklar
		1	2	3	4
Hverfandi	A	a	a	b	c
Litlar	B	a	a	c	c
All nokkrar	C	a	b	c	d
Miklar	D	b	b	d	D

Umhverfisáhrif reynast;      a      Almenn starfsleyfisskilyrði duga fyrir reksturinn.

Umhverfisáhrif reynast;      b      Almennar mengunarvarna krafist í starfsleyfisskilyrðum.

Umhverfisáhrif reynast;      c      Traustra mengunarvarna krafist í starfsleyfisskilyrðum.

Umhverfisáhrif reynast;      d      Vafasamt hvort hægt sé að heimila starfsemina en að öðrum kosti þarf að gera mjög ákveðin fyrirmæli í sértaðum skilyrðum.

Leiða má líkur að því að umhverfisáhrif námuvinnslu flokkist sem “b” með því að beita greiningu með töflu 1 að ofan, þar sem almennt má segja afleiðing óhapps eða ónæðis af efnistöku sé allt frá “hverfandi” til “all nokkrar” en líkur á óhappi eða ónæði sé almennt nokkuð.

**Helstu umhverfismál er varða efnistöku og námurekstur tengjast meðferð olíu- og smurefna, meðferð á sorpi, ástand þungavinnuvéla, aðkoma og frágangur að verki loknu.**



Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur einkaaðila á stórum náum s.s. malar-, vikur-, grjót- og sandnáum ásamt hörpun og grófvinnslu efnis.

Skilyrðin gilda fyrir félög og fyrirtæki sem stunda efnistöku í einni eða fleiri náum til lengri tíma og ábyrgir fyrir námurekstrinum. Varðandi stærðarmörk náma er stuðst við stærðarmörk er fram koma í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Slíkir verktakar eru að fullu ábyrgir fyrir starfsemi og mengunarvörnum á efnistökustað og annarstaðar sem mengandi starfsemi fer fram á þeirra vegum. Önnur starfsleyfisskilyrði gilda Vegagerð ríkisins sem hefur umsjón með náum viða um land og fyrir verktaka sem stunda efnistöku úr náum en bera ekki ábyrgð á námunni sjálfri.

**1.1 Skilyrði þessi mynda grunn að starfsleyfi. Heilbrigðisnefnd setur frekari kröfur i starfsleyfið ef aðstaður krefja.**

Sbr. 10. gr. og 15. gr. reglugerðar 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þessi samræmuð starfsleyfisskilyrði mynda grunn að starfsleyfi miðað við bestu aðstaður. Kröfurnar eru lágmarkskröfur og ná til allra efnistökuaðila. Vegna aðstaðna og umhverfis getur heilbrigðisnefnd sett ítarlegri starfsleyfisskilyrði, svo sem ef staðsetning eða umhverfi telst sérlega viðkvæmt eða ef mengunarhætta er metin meiri en almennt gerist.

**1.2 Rekstraraðili skal tryggja að starfsemin sé í samræmi við gildandi skipulag og samþykkta notkun fasteigna.**

Sbr. ákvæði reglugerðar 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Heilbrigðisfulltrúum ber að skoða hvort skipulag gildi á framkvæmdasvæðinu áður en starfsleyfi er gefið út. Ekkj er þó ásættanlegt að draga útgáfu starfsleyfis ef skipulagsmál eru óljós, heldur er hér verið að áréttá að rekstraraðili skuli tryggja að ákvæðum náttúruverndarlaga og skipulags- og byggingarlaga sé framfylgt.

**1.3 Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.**

Sbr. 7. gr og 26. gr. í reglugerð 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Lista yfir starfsleyfisskyldar atvinnugreinar er að finna í viðauka reglugerðar 785/1999 og í viðauka við lög 7/1998 með síðar breytingum.

**1.4 Fylgja skal öllum skilyrðum sem fram koma í niðurstöðum umhverfismats hafi það farið fram og fyrirmælum viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar við frágang svædis.**

Í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er kveðið á um hvenær áformuð efnistaka þarf að fara í umhverfismat (sbr. lið 21 í viðauka 1, lið 2 í viðauka 2, og viðauka 3). Áður en leyfi er veitt er eðlilegt að gengið sé úr skugga um hvort Skipulagsstofnun hafi fjallað um málið. Hafi mat farið fram ber væntanlegum leyfishafi að upplýsa um hvernig uppfylla á sett skilyrði. Algengt er að námuvinnsla sé á höndum annarra aðila en þeirra er unnu mat á umhverfisáhrifum (dæmi Vegagerðin, Landsvirkjun, sveitarfélög eða land-eigendur láta framkvæma mat en verktakar annist viinnslu samkvæmt útboði).

**1.5 Rekstraraðili skal tilnefna sérstakan ábyrgðarmann fyrir umhverfismálum gagnvart heilbrigðiseftirliti. Krafan er sett fram til að einfalda samskipti milli eftirlits, starfsleyfishafa og þeirra sem koma beint að nýtingu námannna.**

**1.6 Rekstraraðili hefur eigið eftirlit og skráningu þar sem kemur m.a.:**

- Árleg staðfesting viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar um að frágangur efnistökusvæða sé í samræmi við kröfur.
- Fjöldi efnistökustaða, hnittud staðsetning, efnistegund og vinnumagn.
- Upplýsingar um nöfn verktaka sem stunda efnistöku í náum sem starfsleyfið nær til.
- Fjöldi oliutanka, oliuáfyllingarsvæða, oliuskilja, magn oliuefna og rýrnun.
- Atvik er varða mengunarvarnir fyrirtækisins s.s. rekstur og viðhald á mengunarvarnabúnaði, bilanir, mengunarhöpp og kvartanir m.t.t. umhverfismála.
- Notkun, flutning og förgun spilliefna, sbr. reglugerð um spilliefni nr. 806/1999.

- Magn oliusora og sands i olíuskiljum, mælt við regluglegt eftirlit, dagsetningar tæminga, magn og nafn dæluadila.
- Heilbrigðisfulltrúar skulu hafa aðgung að ofangreindum skráningum.
- Sbr. 15. gr. reglugerðar 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Eitt mikilvægasta stjórntækni í umhverfismálum er markviss skráning á mengandi starfsemi og meðferð og losun á umhverfisskaðlegra efna. Því er miðað við að efnistökuaðilar haldi skráningu yfir efni og búnað sem tengist efnistökunni og annari vinnslu á efnistökustað.
- 1.7 Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemi fyrirtækisins er lögð niður eða ef eigendaskipti verða. Kafli VIII í reglugerð nr. 785/1999 fjallar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri, en ekki beinlínis um stöðvun á rekstri. Taka þarf út námuðsvæðið þegar starfsemi hættir til að sannreyna að viðskilnaður sé ásættanlegur auð þess sem reynslan sýnir að yfirgefnar námar eru því miður oft nýttar undir ólöglega förgun úrgangsefna eða aðrar óæskilegar athafnir.
- 2.1 Gæta skal ítrустu varúðar við meðferð oliu og við oliuáfyllingar og verði vart oliuleka skal strax brugðist við, mengaður jarðvegur fjarlægður og heilbrigðiseftirliti tilkynnt um atburðinn. Fari niður meiri oliu en svo að starfsmenn ráða við að fjarlægja hana strax, skal slökkvilið þegar gert viðvart um neyðarsíma 112. Samkvæmt lögum nr. 75/2000 ber slökkvilið ábyrgð og stjórnar á vettvangi á landi þar sem mengunarhöpp hafa orðið. Eftir að bráðaaðgerðum er lokið er það á ákvörðunarvaldi viðkomandi heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins i samráði við þann aðila sem menguninni olli hvort þurfi að fara út í frekari aðgerðir sbr. leiðbeiningarit Hollustuverndar ríkisins nr. 8 um; Meðferð á olíumenguðum jarðvegi.
- 2.2 Oliuáfyllingar og oliuskipti á þungavinnumvélum skulu fara fram á oliuheldu áfyllingsplani með frárennsli sem leitt er í olíuskilju. Heilbrigðiseftirlit getur ef aðstæður leyfa samþykkt annan búnað sem uppfyllir markmið um ásættanlegar mengunarvarnir. A viðkvæmum stöðum s.s. inni á vatnsverndarsvæðum geta aðstæður verið slíkar að ekki er hægt að heimila oliuáfyllingar eða rekstur rafstöðva. Í þeim tilvikum þar sem efnisnám er mjög lítið, aðstaða er til að fjarlægja strax mengaðan jarðveg, nám fer ekki fram á viðkvæmu svæði og tryggt að oliuskipti fari ekki fram á svæðinu getur heilbrigðiseftirlit dregið úr kröfum um bestu mengunarvarnir.
- 2.3 Allt frárennsli sem getur verið mengað af oliuefnum skal leitt í olíuskilju. Oliuskiljur skulu tæmdar eftir þórum. Þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári, og oliusora skilað til móttökustöðvar fyrir slikan úrgang. Sjá skýringar við lið 3.1 S.b.r. einnig reglugerð nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
- 2.4 Oliutankar skulu ávallt vera í þróm eða staðsettir á öruggan hátt á oliuheldu plani með afrennsli í samþykktu oliuskilju. Tryggt skal að að olía renni ekki út í umhverfisþó lagnir bresti. Sjá skýringar við lið 3.1. Oliutankar skulu ávallt vera í þróm og tryggt að þó lagnir bresti að olía renni ekki út í umhverfisþó.
- 2.5 Afla þarf leyfis byggingafulltrúa og heilbrigðiseftirlits fyrir frágang, staðsetningu og stærð oliutanka. Sama gildir um frágang á áfyllingsplani og oliuskilju. Oliubirgðatankar stærri en 10.000 litra þurfa sér útteki Umhverfisstofnunar. Byggingafulltrúi/bygginganefnd á að taka út öll mannvirki. Heilbrigðiseftirlit veitir nánari leiðbeiningar um staðsetningu tanka, stærðarmörk og frágang. Þörf ábending til leyfishafa þó óliklegt verði að telja að verkakar eða olíufélög vilji koma fyrir 10.000 litra oliutönkum á námasvæðum.
- 2.6 Diselrafstöðvar skulu staðsettar innandyra og með öruggri lekvörn. Lágmarksþrófur til að fyrirbyggja mengunarhættu á svæðinu.



EKKI SKAL GEYMA MEIRA EN NAUÐSYNLEGT ER VEGNA SKAMMTÍMANOKUNAR AF SMUR-OLÍUM Á SVÆÐINU.  
Lágmarkskröfur til að syrirbyggja mengunarhættu á svæðinu.

- 2.8 Úrgungssolia, notaðar olíusíur og rafgeymar eru spilliefni sem á að fara með í viðurkennda förgun. Geymsla á bessum efnum ásamt málningum, málningar-afgöngum og smurolium og smurfeiti skal vera á öruggum stað innan dýra. Lágmarkskröfur um meðhöndlun spilliefna.
- 2.9 Fyrir olíubirgðatanka og lagnir gilda ákvæði reglugerðar um varnir gegn oltumengun frá starfsemi í land, nr. 35/1994 með síðari breytingum. Enn er verið að undirstíka að algengustu og hugsanlega hættulegustu mengunarslys sem verða og geta orðið samfara námuvinnslu eru olíuóhöpp.
- 2.10 Oliutankar skulu búin yfirfyllingarviðvörun eða yfirfyllingarvörn. Flestar olíuflutings bifreiðar olíufélaganna eru þegar komnar með búnað til að tengja yfirfyllingavörn og það er því eðlilegt að ætlast til þess að tankar séu með síikan búnað. Hins vegar þarf að kanna á hverjum stað hvort krafan sé raunhæf. Fari reglurnar í stjórmartíðindi er hugsanlega nauðsynlegt að taka þessa grein út en að einstök heilbrigðiseftirlitssvæði í þess stað setji hana inn sem sérkröfur.
- 3.1 Yfirbragð efnistökusvæðis skal vera snyrtilegt og uppfylla almenn öryggissjónarmið. Fjarlægia skal allt sorp og úrgang frá námusvæðum og koma í viðurkennda förgun. Öll brennsla og urðun úrgangs er bönnud. Skv. reglugerð nr. 733/2003 um meðhöndlun úrgangs er öll brennsla og urðun úrgangs er bönnuð nema hjá þeim sem til þess hafa tilhlýtandi starfsleyfi. Í hollustuháttareglugerð er einnig gert kröfur um öruggi gestkomandi.
- 3.2 Rekstraraðili sér til þess að fjarlægður sé jafnóðum allur búnaður og hlutir sem kunna að berast inn á svæðið og eru rekstrinum óvirkomandi. Þetta er til þess að forðast að námusvæði séu nýtt sem geymslupláss.
- 3.3 Þess skal gætt að starfsemin valdi ekki óðrum óþarsa ónæði eða hávaða og að fokgjörn jarðefni valdi ekki skaða eða röskun á umhverfi utan vinnslusvæðis. Ef þórfir er á skal skerma jarðefni af. Fok jarðefna getur valdið nágrönum ónæði og valdið skaða eða röskun á umhverfi utan vinnslusvæðis. Virðist sjaldnast vera mikið vandamál en á viðkvæmum stöðum tekur heilbrigðisnefnd sérstaklega á því.
- 3.4 Við efnistöku og frágang skal fylgja leiðbeiningunum: Námar – efnistaka og frágangur, sem Náttúruvernd ríkisins ofl. gáfu út árið 2002. Leiðbeiningar þessar taka til ýmissa þátta í undirbúnungi efnistöku og frágangi.
- 3.5 Þungavinnutæki skulu ávallt hafa gild skoðunarskirteini. Eingöngu brýmustu viðgerðir til að forða tjóni eða umhverfismengun mega fara fram á svæðinu. Tæki skulu að jafnaði flutt af svæðinu til viðgerða. Þungavinnutæki, hörpunarvélar og annar mekanískur búnaður á að hafa gild skoðunarskirteini frá Vinnueftirliti ríkisins. Einhverjur misbrestir eru á að þeim reglum sé fylgt. Krafa heilbrigðiseftirlits er til að draga úr líkum á olíuóhöppum og loftmengun frá biluðum og úrsérgengnum tækjum.
- 3.6 Fráveituvatn frá eldunar- og salernisaðstöðu skal leiða í safntank, rotþró eða fráveitukerfi sveitarfélags. Ef rotþró er á staðnum skal fylgja leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir. Ef starfsemi tengist ekki fráveitukerfi sveitarfélags á allt vatn frá eldunar- og salernisaðstöðu að fara í safntank eða viðurkennda rotþró með tilhlýðilegri hreinsun s.s. siturlögn. Á viðkvæmum svæðum s.s. við ár- og vatnsbakka getur heilbrigðisnefnd krafist safntanks í stað rotþróar.
- 3.7 Vatn sem rennur frá efnistökusvæðinu skal leiða í gegnum settjarnir eða síubed þannig að ár og lækir mengist ekki af gruggi. Sbr. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.



Fylgja þarf reglum Vinnueftirlits ríkisins varðandi meðferð og geymslu sprengiefnis.

Meðferð og geymslu sprengiefnis fellur undir eftirlit Vinnueftirlits ríkisins en aldrei er of varlega farið með slik efni.

- 3.9 *Leggist starfsemin niður skal búnaður fjarlægður í samræði við heilbrigðiseftirlitið og spilliefnum komið í viðurkennda förgun.*

Taka þarf út námusvæðið þegar starfsemi hættir til að sannreyna að viðskilnaður sé ásættanlegur auk þess sem reynslan sýnir að yfirgefnar námrar eru því miður oft nýttar undir ólöglega förgun úrgangsefna eða aðrar óæskilegar athafnir. Auk þess ber að fylgja leiðbeiningunum: *Námrar – efnistaka og frágangur* frá árinu 2002, sem fást hjá Umhverfisstofnun. Úttekt heilbrigðiseftirlits við lok námvinnslu beinist að því að staðfesta að verktaki hafi hreinsað eftir sig og fjarlægt allan úrgang, rothrær og annað er tilheyrði starfseminni.